



Reglur Sveitarfélagsins Árborgar vegna skemmtanahalds barna og ungmenna undir 18 ára

1. gr.

Reglur þessar eiga við um skemmtanir fyrir ungmenni á aldrinum 14 - 17 ára. Miðað er við fæðingarár en ekki fæðingardag.

2. gr.

Í samræmi við 23. gr. reglugerðar um veitingastaði, gistaða og skemmtanahald veitir menningar- og frístundafulltrúi umsögn vegna umsókna um leyfi til að standa fyrir unglíngadansleikjum. Sama gildir ef um er að ræða breytingu á rekstrarleyfi á stað sem þegar hefur rekstrarleyfi sbr. 26. gr. reglugerðarinnar.

3. gr.

Bæjarráð samþykkir að í umsögnum menningar- og frístundafulltrúa séu sett eftirfarandi skilyrði:

Að skemmtanir ungmenna yngri en 16 ára skuli ætíð vera á ábyrgð viðurkenndra æskulýðsfélaga eða stofnana ríkis og sveitarfélaga sem vinna samkvæmt 1. gr. æskulýðslaga.

Útivistartími barna skal virtur. Um útivistartíma barna og ungmenna gilda ákvæði barnaverndarlaga og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 20.00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir kl. 22.00, enda séu þau ekki á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna um tvær klukkustundir. Aldursmörk þessa ákvæðis miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag.

Auk þess verði eftirfarandi skilyrði sett fyrir unglíngadansleikjum:

1. Dansleikir verði áfengis- og vímuefnalausar skemmtanir.
2. Setja skal efri og neðri aldursmörk á dansleiki.
3. Áfengisbarir verði lokaðir og breitt verði yfir bjórdælur og áfengisauglýsingar, þannig að þær sjáist ekki.
4. Ströng dyravarsla verði og auglýst að framvísa verði skilríkjum við innganginn. Dyraverðir skulu hafa tilskilin réttindi, nema þegar um er að ræða viðburð á vegum stofnana sveitarfélagsins og skóla þar sem miðasala og eftirlit er í höndum starfsmanna viðkomandi stofnunar eða skóla.
5. Að útidyr séu lokaðar fyrir umgangi inn og út af ballinu. Ef viðkomandi yfirgefur ballið er honum ekki heimilt að koma inn aftur.
6. Skemmtikraftar og dansleikjahaldarar mega ekki vera undir áhrifum áfengis- og vímuefna.
7. Innihald skemmtana sem boðið er upp á skal hæfa aldri og þroska barnanna.
8. Foreldrar fái í eftirlitsskyni frían aðgang að dansleikjum.
9. Neysla vímuefna sé tilkynnt til forráðamanna og barnaverndar.
10. Dansleiki verður að auglýsa í bæjarmiðlum, auglýsingar í samfélagsmiðlum, s.s. Facebook, duga ekki einar og sér.
11. Í auglýsingum í bæjarmiðlum verður að taka sérstaklega fram skilyrði 1. tl., 2. tl., 4. tl. og 7. tl.

Samþykkt í félagsmálanefnd Árborgar 13. desember 2011
Samþykkt í bæjarráði Árborgar 22. desember 2011

